

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin máls-
varnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sig-
urðssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Föstudaginn 27. mars 1981.

Nr. 103/1980. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn

Halldóri Stefáni Pormar

(Hörður Ólafsson hrl.).

Brot gegn 106. gr. og 108. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörns-
son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og
Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var áfryjað til Hæstaréttar að
ósk ákærða.

Hér fyrir dómi var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds, að
fallið væri frá ákæru fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. al-
mennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kemur þetta ákæruatriði
því eigi til álita.

Af hálfu ákæruvalds er krafist þyngingar á refsingu
ákærða.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á
meðal nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að hann
hefur ekki sætt refsingu eftir uppkvaðningu héraðsdóms.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi, og ber að staðfesta úr-
lausn hans um brot ákærða gegn 106. gr. og 108. gr. al-
mennra hegningarlaga, sbr. og 11. gr. laga nr. 101/1976 að
því er varðar nefnda 106. gr.

Refsingu ákærða ber að tiltaka með hliðsjón af 1. mgr.

77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin 15 daga varðhald skilorðsbundið, svo sem greinir í héraðsdómi, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, en ekki þykir ástæða til að dæma ákærða einnig til greiðslu sektar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Halldór Stefán Þormar, sæti varðhaldi 15 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að tveim árum liðnum frá 28. nóvember 1979, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. nóvember 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 28. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 518/1979: Ákæruvaldið gegn Halldóri Stefáni Sigurmarssyni Þormar, sem tekið var til dóms 26. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 2. maí sl., gegn Halldóri Stefáni Sigurmarssyni Þormar, Álfhólsvegi 143, Kópavogi, fæddum 23. júlí 1921 að Skriðuklaustri í Fljótsdal, „fyrir brot gegn valdstjórninni og fyrir að stofna mannslífi í hættu, svo sem rak-ið er:

Þriðjudaginn 27. febrúar 1979, er Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík, hugðist svipta ákærða vörslum bifreiðarinnar R 46621, á grundvelli fjárnáms í henni, á Hlemmtorgi í Reykjavík, veittist ákærði að fulltrúanum, stjakaði honum frá bifreiðinni og kallaði hann „helvítis ræfil“, settist upp í bifreiðina og ók henni hiklaust af stað, þótt Ólafur stæði framan við hana, og fékk fégetinn með naumindum borgið sér undan bifreiðinni.

Ákærði ók á brott, og varð gerðinni eigi lokið af þeim sökum.

Telst þetta atferli ákærða varða við 1. mgr. 106. gr., 108. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

Hinn 18. desember 1978 var í fégetarétti Kópavogs gert fjárnám samkvæmt kröfu Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns í bifreið ákærða, R 46621 (Ford Bronco, árg. 1974), til tryggingar skuld að fjárhæð 760.000 kr. ásamt vöxtum.

Hinn 27. febrúar sl. var tekið fyrir í fégetarétti Reykjavíkur að svipta ákærða vörslum nefndrar bifreiðar á grundvelli fjárnámsins. Dómpingið var háð á Hlemmtorgi hér í borg, en ákærði rekur söluturn, sem þar stendur. Bifreið ákærða stóð þar hjá. Fégeti var Ólafur Sigurgeirsson borgarfégetafulltrúi, og voru í för með honum Sigurmar Albertsson héraðsdómslögmaður og Skúli Sigurz stefnuvottur, en hann mætti fyrir hönd gerðarbeiðanda, Stefáns Pálssonar, og krafðist vörslusviptingar. Einnig kom á vettvang Steinar Már Gunnsteinsson, bifreiðarstjóri hjá Vöku h/f, er fégeti kvaddi til þess að draga burt bifreið ákærða.

Þarna á staðnum urðu þeir atburðir, sem leitt hafa til málsóknar þessarar, en ekki varð úr hinni fyrirhuguðu vörslusviptingu vegna þess, að ákærði fór inn í bifreið sína og ók henni burt án samþykkis fégeta.

Ólafur Sigurgeirsson lýsir atvikum svo, að hann hafi komið á vettvang í fylgd með Skúla og Sigurmar og verið klæddur ein-kennisfrakka. Hann kveðst hafa farið að lúgu söluturnsins og hafi ákærði verið þar fyrir innan. Ólafur kveðst hafa spurt eftir Halldóri Þormar, en ákærði ansað því, að hann væri ekki þarna. Þá kveðst Ólafur hafa hringt eftir bifreið frá Vöku, og er hún hafi verið komin og bifreiðarstjórinn hafi verið búinn að festa króka í bifreið ákærða, hafi ákærði komið út og nú kynnt sig.

Ólafur kveðst hafa útskýrt erindi sitt fyrir ákærða, sem hafi mótmælt aðgerðunum, en er Ólafur gerði honum ljóst, að mótmælin yrðu ekki tekin til greina, hafi ákærði orðið illmálgur við hann og m. a. kallað hann „helvítis ræfil“. Ólafur kveður hann hafa einnig stjakað við sér. Ákærði hafi nú viljað fá að fara inn í bifreiðina, en það kveðst Ólafur ekki hafa samþykkt og hafi hann alls ekki hafa ætlað að hleypa ákærða inn. Ákærði hafi þá farið yfir að hægri hlið bifreiðarinnar og þar inn, læst dyrunum og fært sig undir stýri og sett vélina í gang. Ólafur kveðst hafa beðið hann að stansa og fært sig fram fyrir bifreiðina, en ákærði hafi þá ekið af stað, reyndar þó hægt og rólega, svo Ólafur kveðst ekki hafa átt í neinum erfiðleikum að forða sér. Ákærði hafi síðan ekið brott, og drógust með bifreiðinni keðjur og krókar, sem búið hafði verið að festa í hana.

Ákærði heldur því fram, að sér hafi heyrst, að spurt væri eftir Haraldi, og hann því sagt, að hann væri ekki þarna. Ákærði kveðst ekki hafa séð í fyrstu, að neinn mannanna væri í ein-kennisbúningi. Síðan kveðst ákærði hafa séð, að kranabíll var kominn og verið var að festa keðjur aftan í bíl hans, og þá hafi hann farið út og spurt, hvort það ætti að stela bílnum. Þá hafi einn mannanna kynnt sig sem fógeta og sagt, að verið væri að taka bílinn eftir kröfu Stefáns Pálssonar. Ákærði kveðst hafa mótmælt tökunni og beðið þess, að hann mætti aka upp í Mávalíð til lögmanns síns, Harðar Ólafssonar, en því verið neitað. Ákærði kveðst einnig hafa beðið um að fá að komast inn í bifreiðina, enda kveðst hann hafa geymt þar mikil verðmæti, svo sem birgðir af tóbaksvörum og sælgæti, en fógeti hafi ekki viljað hleypa honum inn. Segist ákærði í orðahnippingum við Ólaf hafa kallað hann helvítis asna. Ólafur hafi staðið í bíldyr-unum, en ákærði kveðst þá hafa farið hægra megin og þar inn og Ólafur ekki varað sig á þessu. Hann hafi þá farið fram fyrir bifreiðina, en ákærði kveðst hafa ekið af stað í 1. gír og lagt um leið á stýrið til vinstri, þannig að bifreiðin sneiddi hjá Ólafi. Ákærði segir, að engin hætta hafi verið á, að hann ynni fógeta mein, enda hafi hann ekið hægt og haft fullt vald á að stöðva bifreiðina, ef þurft hefði.

Ákærði segist hafa litið svo á, að aðgerðir fógeta væru löglausar, þar sem hann hafi verið búinn að fá þær upplýsingar, að áfrýjun fjárnámsgerðar frestaði öllum áhrifum hennar og vörslu-svipting væri óheimil.

Vitnið Sigurmar Albertsson segir, að Ólafur hafi gengið að

lúgu söluturnsins og spurt mann, sem verið hafi þar fyrir innan, hvort hann væri Halldór Þormar, en maðurinn neitað því. Þá hafi Ólafur farið og hringt til Vöku eftir bifreið, og er hún kom, hafi áður nefndur maður komið út og nú kynnt sig sem Halldór Þormar. Hann hafi mótmælt tökunni á bíl sínum og verið æstur. Hann hafi viðhaft einhver skammaryrði, er Sigurmar kveðst ekki geta tilgreint nánar. Sigurmar kveðst ekki hafa séð ákærða leggja hendur á Ólaf. Ákærði hafi síðan beiðst þess að mega taka eitthvert dót úr bílnum og farið síðan inn í hann, en sett þá í gang. Ólafur hafi farið fram fyrir bílinn, en ákærði ekið af stað og Ólafur þurft að forða sér. Sigurmar segir, að litið hafi út fyrir, að ákærði hefði ekið á Ólaf, ef hann hefði ekki vikið, og telur hann ákærða hafa stofnað Ólafi í hættu með athæfi sínu.

Vitnið Skúli Sigurz segir, að ákærði, sem hann þekkti í sjón, hafi verið inni í söluturninum, en þegar Ólafur spurði eftir Halldóri Þormar, hafi ákærði neitað því, að hann væri þarna. Er Steinar hafi verið farinn að festa keðjur með krókum undir Bronco bílinn, hafi ákærði komið út og mótmælt tökunni, þar eð fjárnáminu hefði verið áfrýjað. Ólafur hafi útskýrt, að áfrýjun frestaði ekki vörslusviptingu, en ákærði hafi ekki viljað setta sig við þetta og ýtt við Ólafi og Steinari og kallað fógeta helvítis aumingja eða réttara sagt helvítis ræfil. Síðan hafi hann spurt, hvort hann mætti ekki taka muni úr bíl sínum, og Ólafur leyft það. Þá hafi hann farið inn í bílinn, lokað og sett í gang. Ólafur hafi gengið fram fyrir bílinn, en ákærði ekið af stað og Ólafur þurft að hlaupa frá, en ákærði hafi síðan ekið burt með keðjutaugarnar aftan í bílnum.

Vitnið Steinar Már Gunnsteinsson skýrir svo frá, að fógeti hafi beðið hann að taka Bronco bifreiðina og draga hana burt. Kveðst Steinar þá hafa bakkað kranabifreið sinni að og farið út og tekið að festa keðjur í hásingu Bronco bílsins. Þá hafi ákærði komið að og sagt, að hann færi ekki burt með bíl sinn. Ákærði hafi eitthvað verið að rífast við fógetann, en ekki kveðst Steinar geta sagt um það, hvaða ummæli hann hafi viðhaft. Ólafur hafi nú mælt svo fyrir, að bíllinn skyldi færður á burt, en ákærði hafi þá verið búinn að opna hann. Steinar segir, að sér hafi skilist, að ákærði ætlaði inn í bílinn til þess að taka þaðan einhverja muni, en hann hafi þá farið inn í bílinn og sett í gang og ekið af stað. Ólafur hafi farið fram fyrir bílinn til þess að hindra, að ákærði færi, en ákærði hafi eigi að síður ekið áfram

og Ólafur orðið að forða sér, til þess að bíllinn lenti ekki á honum.

Niðurstöður.

Ákærði ók bifreið sinni brott af staðnum, þótt fógeti hefði skýrt honum frá ákvörðun sinni um vörslusviptingu, en ákvörðun þessari var ákærða skylt að hlíta. Ákærði hindraði fógetann þannig með ofbeldi í að sinna skyldustarfi sínu og hefur þannig unnið til refsingar samkvæmt 106. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hafði í frammi móðgandi ummæli („helvítis asni“) við fógeta, og varðar það ákærða refsingu samkvæmt 108. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði ók bifreið sinni af stað og nam ekki staðar, þótt fógeti færi fram fyrir bifreiðina. Af vitnaframburðum virðast líkur á, að hann hafi þannig stofnað lífi eða heilsu Ólafs í nokkra hættu, en þegar litið er til vættis Ólafs sjálfs, sem telur ákærða hafa ekið hægt og rólega af stað og hann hafi átt auðvelt með að víkja sér undan, þykir ekki fyllilega sannað, að svo hafi staðið á, að 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga eigi við.

Í máli þessu er komið fram, að ákærði er hjartasjúklingur og mjög bæklaður á fótum. Hann á því mjög erfitt um gang. Heimilislæknir ákærða hefur gefið vottorð um heilsufar ákærða og lyfjanotkun. Hann hefur komið fyrir dóm og svarað neitandi spurningu um það, hvort lyfjanotkun ákærða kunni að hafa valdið því, að hann sé vanstilltari en ella. Hins vegar hefur hann bent á, að maður, sem býr við langvarandi heilsuleysi og vanlíðan, sé hættara en öðrum við að missa jafnvægið.

Ákærði hefur ekki sætt fyrr neinum refsingum, nema tvisvar sæst á sektir fyrir umferðarbrot, er eigi skipta hér máli við refsíákvörðun. Þykir rétt að ákveða refsingu hans með hliðsjón af 57. gr. a alm. hegningarlaga 15 daga varðhald skilorðsbundið til 2 ára og einnig 100.000 króna sekt, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en afplánist ella varðhaldi 10 daga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal 80.000 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Stefán Þormar, sæti varðhaldi 15 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur

almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga. Ákærði greiði til ríkissjóðs 100.000 króna sekt, er afplánist 10 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 80.000 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmans.

Þriðjudaginn 31. mars 1981.

Nr. 141/1978. **Guðjón Þorsteinsson**

(Páll A. Pálsson hdl.)

gegn

Baldri Jónassyni og

(Haraldur Blöndal hdl.)

Birni Sigurðssyni,

(Hafsteinn Baldursson hrl.)

Baldur Jónasson

gegn

Birni Sigurðssyni og

Guðjóni Þorsteinssyni

og

Björn Sigurðsson

gegn

Baldri Jónassyni og

Guðjóni Þorsteinssyni.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Áfrýjun. Frávísun að hluta. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Magnús P. Torfason og Arnljótur Björnsson prófessor.